



### ERINDISBRÉF SAMGÖNGUNEFNDAR SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI

#### 1. gr.

Samgöngunefnd SSA er skipuð af aðalfundi Sambands sveitarfélag á Austurlandi og heyrir undir stjórn SSA og fer með þau málefni sem tengjast samgöngum og til umfjöllunar eru á vegum samtakanna.

#### 2. gr.

Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Gætt skal að jöfnu kynjahlutfalli við skipan nefndar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA. Nefndin skiptir með sér verkum, kys sér formann og varaformann úr röðum aðalmanna í upphafi starfsárs.

#### 3. gr.

Hlutverk samgöngunefndar er að móta tillögur að samræmdri samgönguáætlun fyrir Austurland. Skal hún í því skyni vinna að öflun upplýsinga um samgöngumál og grundvalla tillögur sínar á málefnalegum undirbúningi. Þá skal nefndin vinna að framgangi tillagna aðalfundar SSA í samgöngumálum, eiga samskipti við og afla upplýsinga frá samgönguyfirvöldum um stöðu áætlana og verkefna í samgöngumálum í fjórðungnum, vinna að öðrum samgöngutengdum verkefnum sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

#### 4. gr.

Samgöngunefnd skal árlega skila skýrslu til stjórnar SSA um störf nefndarinnar og tillögur. Skýrslan verður síðan til umfjöllunar á aðalfundi SSA.

#### 5. gr.

Samgöngunefnd er stjórn SSA til ráðgjafar varðandi umsagnir um þingmál sem tengjast samgöngum.

#### 6. gr.

Fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú ses, starfar með samgöngunefndinni. Formaður boðar til fundar og felur fulltrúa sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú að undirbúa þá. Fulltrúinn situr fundi nefndarinnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

#### 7. gr.

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í samgöngunefnd æskir þess.

**8. gr.**

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar samgöngunefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

**9. gr.**

Fundargerðir samgöngunefndar skulu lagðar fyrir stjórn SSA og staðfestar af henni.

**10. gr.**

Samgöngunefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

**11. gr.**

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskra þær skv. sveitarstjórnarlögum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir samgöngunefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

**12. gr.**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og lögum SSA.

*Samþykkt á aðalfundi SSA 20. september 2014.*